

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Brúartorgs, Borgarnesi.

Um er að ræða breytingar á lóð II og III, auk stækkunar bæði á lóð og byggingarreit við Brúartorg 4. Lóðirnar II og III verða að þremur lóðum nr. 2, 4 og 6. Gata sem sýnd var milli lóða II og III færist að fyrri lóðarmörkum við lóð nr. 6 við Brúartorg (Skeljungsstöðina). Nafni götunnar sem nýju lóðirnar 2, 4 og 6 standa við verður breytt úr Brúartorgi í Digranesgötu.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 12. júlí 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.